

hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bíta skal fjarlægja og er lögreglu og dýraeftirlitsmanni heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu dýraeftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti ber að aflífa hundinn, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er.

7. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykktum þessum ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heimilt að beita hann dagsektum og svipta hann leyfi sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Skal leyfishafi greiða allan kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykktinni.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 18. júní 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 107/1997, um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns tollafgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru, með síðari breytingum.

1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:
- Á eftir orðinu „Bráðabirgðatollafgreiðsla“ í 1. tölul. kemur: , þó ekki í tengslum við útflutning.
 4. tölul. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 145. gr., sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 24. júní 1998.

F. h. r.

Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.